



Fundargerð

Þriðjudaginn 7. febrúar 2023 var haldinn fundur í stjórni Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 17:00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrondar að Túnbraut 1-3. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Ásdís Ýr Arnardóttir, Erla Jónsdóttir, Grímur Rúnar Lárusson og Péturína Laufey Jakobsdóttir.

Auk þess sátu fundinn Alexandra Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins, Berglind Hlín Baldursdóttir fræðslustjóri og Sara Lind Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

Formaður stjórnar, Ásdís Ýr Arnardóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Lántaka vegna Sæborgar

Fyrir lá Lánssamningur milli Lánasjóðs sveitarfélaga sem lánveitanda og Félags- og skólaþjónustu A-Hún sem lántaka vegna framkvæmda við hjúkrunarheimilið Sæborg. Stjórni ræddi fyrirliggjandi framkvæmdir og samþykkir hér með samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 20.000.000 kr. til 16 ára. Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum húsnæðis Sæborgar sem samþykktar voru í fjárhagsáætlun 2023. Verkefnin falla undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Alexöndru Jóhannesdóttir framkvæmdastjóra kt. 070788-2339, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Félags- og skólaþjónustu A-Hún að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði standa einfaldar óskiptar ábyrgðir allra eigenda sem eru Húnabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd og Skagabyggð sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja þau til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.



2. Málefni Félagsmálaráðs og stjórnar

Samkvæmt 7.gr. samþykkta byggðasamlagsins er það hlutverk stjórnar að skipa félagsmálaráð og setja ráðinu erindisbréf.

Eftirtalin tillaga varðandi skipun félagsmálaráðs til fjögurra ára var borin upp til atkvæðagreiðslu:

Ásdís Adda Ólafsdóttir	til vara	Anna M. Sigurðardóttir
Hjalti V. Reynisson	til vara	Sigríður Gestsdóttir
Jensína Lýðsdóttir	til vara	Kolbrún Á. Guðnadóttir
Lee Ann Maginnis	til vara	Elín Aradóttir
Þorbjörg Bjarnadóttir	til vara	Ragnhildur Haraldsdóttir

Tillagan var samþykkt samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum.

a. Erindisbréf

Fyrir fundinum lágu drög að erindisbréfi ráðsins sem stjórn fór yfir og ræddi. Var erindisbréfið með áorðnum breytingum borið upp til samþykktar og staðfest af stjórn með fjórum greiddum atkvæðum. Var félagsmálastjóra falið að leggja erindisbréfið fyrir á næsta fundi ráðsins.

b. Samþykkt um launakjör

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga að samþykkt um launakjör félagsmálaráðs og stjórnar vegna kjörtímabilsins en miða skal við þingfararkaup frá 1. júlí 2022 og taka launakjör breytingum í samræmi við breytingar á þingfarakaupi á kjörtímabilinu:

Þingfararkaup	frá 1. júlí 2022	1.345.582 kr.
---------------	------------------	---------------

Félagsmálaráð:	Hlutfall
----------------	----------

Hver fundur - félagsmálaráðs	1,2%	16.147 kr.
Hver fundur - formaður	2,4%	32.294 kr.

Stjórn Félags og skólapjónustu

Hver fundur - stjórnarfólk	1,2%	16.147 kr.
Hver fundur - formaður	2,4%	32.294 kr.

Tillagan var borin upp til samþykktar með áorðnum breytingum og samþykkt samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum.



c. Afturvirk leiðréttung á launakjörum

Fyrir fundinum lá tillaga að leiðrétti á launum stjórnar og félagsmálaráðs vegna síðasta kjörtímabils. Launakjör taka viðmið af þingfararkaupi en tóku ekki samþykktum breytingum í samræmi við breytingar á þingfarakaupi síðustu ár. Heildarleiðréttung nemur 1.275.826 kr. vegna félagsmálaráðs og 225.480 kr. vegna stjórnar. Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum. Gerður verður viðauki við fjárhagsáætlun ársins vegna leiðréttigarinnar.

3. Önnur mál

Rætt var um stuðning við starfsfólk vegna sí- eða endurmenntunar. Var framkvæmdastjóra falið að vinna drög að samræmdum reglum fyrir starfsfólk byggðasamlagsins og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 18:40

Stjórn:

Hafdís Ýr Arnardóttir

Ásdís Ýr Arnardóttir

Grímur Rúnar Lárusson

Grímur Rúnar Lárusson

Peturina I. Jakobsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Erla Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir

Starfsmenn:

Alexandra Jóhannesdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

•

○